

# VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Ársskýrsla 2018

## Formáli

Árið 2018 var á vissan hátt merkilegt ár í sögu skólans og markaði um leið ákveðin tímamót í sögu hans. Þá um vorið voru tveir árgangar brautskráðir frá skólanum, fyrstu stúdentar skólans úr þriggja ára námi til stúdentsprófs og þeir síðustu úr fjögurra ára námi. Í skýrslu þessari verður vikið að helstu þáttum í starfi skólans, s.s. rekstur, nemendur, starfsmannahald, húsnæði o.fl.

## Gildi Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir gildum sem eru í senn grunnstoðir þeirrar menningar sem við viljum að ríki innan skólans og áskorun þegar takast þarf á við ný viðfangsefni til framtíðar. Gildin eru leiðarstef í öllu starfi skólans og til marks um sýn skólans á skyldur sínar gagnvart umbjóðendum sínum.



## Rekstrarform Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir m.a.: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi“.

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem m.a. kemur fram hve marga nemendur skólinn má hafa svo og greiðslur til skólans og annað sem tengist starfsemi hans.

Eins og fyrr segir þá er Verzlunarskólinn sjálfseignarstofnun og eru bakhjarlar hans Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja ásamt Samtökum verslunar og þjónustu. Það eru bakhjarlarnir sem skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.



### Fulltrúaráðið árið 2018 var skipað eftirfarandi:

- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður
- Ásdís Kristjánsdóttir
- Ásta S. Fjeldsted
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Jón Diðrik Jónsson
- Margrét Flóvenz
- Steinn Logi Björnsson

## Stjórn og starfslið

Ný skólanefnd tók til starfa í maí 2014. Nefndarmenn eru:

- Bryndís Hrafnkelsdóttir formaður
- Helgi Jóhannesson varaformaður
- Andri Þór Guðmundsson
- Hannes Frímánn Hrólfsson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir


Ásta Henriksen tók sæti í skólanefnd í janúar 2018, sem áheyrnarfulltrúi starfsmanna. Áður hafði Þórður Möller verið fulltrúi starfsmanna.

### Stjórnendur skólans

Á árinu voru gerðar breytingar á stjórn skólans og þá á þann veg að Guðrún Inga Sívertsen var skipuð í embætti starfsmanna- og þróunarstjóra. Þetta var gert með það í huga að leggja enn meiri áherslu á starfsmannamál svo og þróunarstarf í skólanum. Stjórn skólans er annars:

- Ingi Ólafsson skólastjóri
- Þorkell Diego yfirkennari
- Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna- og þróunarstjóri
- Klara Hjálmtýsdóttir áfangastjóri
- Sigurlaug Kristmannsdóttir fjarnámsstjóri

### Skipurit skólans




### Starfsmenn


Á vorönn voru kennarar 85 talsins í tæplega 78 stöðugildum. 57 konur eða 67% og 28 karlar eða 33%. Annars er fjöldi í einstaka deildum á vorönn eins og sýnt er í töflunni hér að neðan.

	fjöldi starfsmanna	fjöldi stöðugilda
<b>kennsla</b>	85	77,7
<b>yfirstjórn</b>	5	5
<b>skrifstofa</b>	5	4
<b>bókasafn</b>	3	3
<b>húsvarsla</b>	2	2
<b>rekstur tölvubúnaðar</b>	2	2
<b>matbúð</b>	5	4,6
<b>námsráðgjöf</b>	3	2,5
<b>dagræsting</b>	3	3
<b>síðdegisræsting</b>	16	10,7
	129	114,5

Vorið 2018 voru tveir árgangar brautskráðir, þ.e. fyrstu í þriggja ára námi og síðustu í fjögurra ára námi. Það voru því mun færri nemendur á haustönn 2018 og kennurum fækkaði, en þá voru 75 kennarar í 67,7 stöðugildum. Meðalaldur kennara í upphafi vorannar var 46,6 ár og sést aldursdreifingin hér að neðan.



Hér að neðan má sjá menntun kennara skólans en þessi samantekt er frá vorönn 2018.



## Húsnæði

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m<sup>2</sup>.

Kennslurýmið skiptist þannig:

- 40 kennslustofur
- 3 fyrirlestrasalir
- 3 tölvustofur, hver með 28 tölvum
- 4 tölvuver, hvert með 15 tölvum
- 3 raungreinastofur, ein fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og sú þriðja fyrir eðlisfræði. Lögð er áhersla á að útbúa stofurnar með öllum nauðsynlegum búnaði
- 2 íþróttasalir, þreksalur og stór salur
- bókasafn, sem er 350 m<sup>2</sup>. Safnið er mjög vel búið af bókakosti og annarri aðstöðu til lestrar og gagnaöflunar. Að auki er lessalur með 30 lesbásum
- Fab-lab kennslustofa með þrívíddarprenturum, vínylskera og leiserskera.

Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að endurnýja húsgögn og bæta aðstöðu í skólanum.

## Bókasafn

Á bókasafni skólans eru þrír starfsmenn, bókasafnstjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og bókaforður. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafnið veitir nútímalega, fjölþætta og persónulega þjónustu og styður við nám og kennslu við skólann. Þjónusta við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, útlánnum, leiðbeiningum og kennslu við heimildaleit og heimildaskráningu og margs konar námsaðstoð. Notkun safnsins er mikil, sem er verulega ánægjulegt. Á árinu 2018 voru samtals 8318 tölvuskráð útlán á safninu, 6815 til nemenda og 1503 til starfsfólks. Bókasafnstjóri er Klara Hauksdóttir.



## Námsframboð

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Lengst af hefur Verzlunarskólinn verið fjögurra ára framhaldsskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Skólinn er opinn nemendum alls staðar að af landinu og starfar í bekkjardeildum. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi námsbrauta sem leiða til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið hvort heldur sem er í dagskóla eða fjarnámi.

alþjóðabraut <ul style="list-style-type: none"> <li>• alþjóðasamskipti</li> </ul>	nýsköpunar- og listabraut <ul style="list-style-type: none"> <li>• sviðslist/sjónlist</li> </ul>	náttúrufræðibraut <ul style="list-style-type: none"> <li>• eðlisfræðilína</li> <li>• líffræðilína</li> </ul>	viðskiptabraut <ul style="list-style-type: none"> <li>• hagfræðilína</li> <li>• viðskiptalína</li> </ul>
---	--	--	--

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Námið er þrískipt og geta nemendur valið um fjórar mismunandi brautir.

Uppbygging allra brauta er eins:

- sameiginlegur kjarni – 97 einingar
  - hér er um að ræða alla þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum
- brautarkjarni – 60 einingar
  - hér er um að ræða 12 fimm eininga áfanga sem einkenna hverja braut fyrir sig
- pakkar og val – 50 einingar
  - þessi partur samanstendur af sex áföngum, fimm einingar hver, og fjórum valáföngum. Tveir af valáföngunum eru í bundnu vali og geta nemendur valið tvo af fjórum áföngum til að búa sig enn frekar undir nám tengt brautarvalinu og síðan eru tveir áfangar í frjálsum vali.

### Nýsköpunar- og listabraut

Þegar vinna við styttingu námstíma til stúdentsprófs hófst var ákveðið að breikka námsframboð skólans og reyna að höfða til breiðari hóps nemenda. Niðurstaða þeirrar vinnu var nýsköpunar- og listabraut og voru fyrstu nemendur innritaðir vorið 2015 og brautskráðust þeir svo vorið 2018. Brautin er bóknámsbraut þar sem lögð er áhersla á kjarnagreinar og sérgreinar brautarinnar, sem



eru listgreinar, hönnun og nýsköpun ásamt greinum tengdum viðskiptum. Nemendur sem velja nýsköpunar- og listabraut fá breiða almenna menntun og góðan undirbúning undir



frekara nám á háskólastigi, sér í lagi innan hugvísinda og lista. Sérstök áhersla er lögð á að efla skapandi hugsun, frumkvæði og lausnarhæfni nemenda. Í tengslum við stofnun brautarinnar var ákveðið að útbúa eina kennslustofu sem stafræna smiðju, þar sem stuðst er við hugmyndafræði Fab-lab smiðja á Íslandi. Markmiðið með smiðjunni er að hvetja nemendur til að láta hugmyndir verða að veruleika.

Tækjakostur smiðjunnar er leiserskeri og vínylskeri, ásamt tilheyrandi tölvubúnaði. Með því að bjóða aðgang að tækjum sem þessum fá nemendur tækifæri til að sjá hugmyndir verða að veruleika. Þau fá tækifæri til frumgerðasmíðar og vöruþróunar sem eykur sköpunarkjark og lausnamiðaða hugsun.

## Nemendur

Á vorönn 2018 voru 1129 nemendur í skólanum og voru flestir á náttúrufræðibraut eða 506. Á viðskiptabraut voru 450, 99 á alþjóðabraut og 74 á nýsköpunar- og listabraut. Um vorið brautskráðust tveir árgangar, þ.e. síðustu í fjögurra ára námi og fyrstu í þriggja ára námi, samtals 543 nemendur. Við upphaf haustannar 2018 voru 915 nemendur skráðir í skólann og það eru mörg ár síðan svo fáir nemendur voru í skólanum. Flestir nemendur voru á náttúrufræðibraut eða 390. Á viðskiptabraut voru 375, 80 á alþjóðabraut og 70 á nýsköpunar- og listabraut.

Eins og fyrr segir þá brautskráðust tveir árgangar vorið 2018 og allir sem þreyttu próf um vorið útskrifuðust. Af þeim nemendum á fyrsta og öðru ári sem gengu til prófs, samtals um 600 nemendur, þurftu 101 nemandi að endurtaka einn eða fleiri áfanga.





### Brottfall

Skilgreining á brottfalli úr framhaldsskólum hefur verið nokkuð á reiki og virðast ekki allir leggja sama skilning í hugtakið brottfall. Við lítum svo á að nemandi sem hættir í skólanum og flytur sig yfir í annan framhaldsskóla sé ekki brottfallsnemandi. Miðað við þetta þá er brottfall nánast ekkert í Verzlunarskólanum. Það er nánast óþekkt að nemandi skólans hætti á miðri önn. Það er þó alltaf eitthvað um það að nemendur færa sig í annan skóla í lok annar eða skólaárs, t.d. vegna þess að foreldrar flytja, námið í Verzlunarskólanum hentar viðkomandi ekki, nemandi utan af landi vill flytja heim aftur o.s.frv.

### Innritun

Aðsókn að Verzlunarskólanum hefur verið mjög góð í langan tíma. Á því varð ekki nein undantekning vorið 2018. Alls bárust 642 umsóknir, 489 sem val 1 og 154 sem val 2. Vorið 2018 voru 329 nemendur innritaðir á fyrsta ár. Fleiri nemendur eru teknir inn nú í ár en í fyrra, en það stafar af því að vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar frá skólanum vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Taflan hér að neðan sýnir fjölda umsókna grunnskólanema sem sett höfðu Verzlunarskólann sem val 1 og fjölda innritaðra frá einstökum grunnskólum landsins. Umsóknir bárust frá 68 grunnskólum alls staðar að af landinu.



Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra	Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra
Garðaskóli	52	37	Lækjarskóli	4	4
Réttarholtsskóli	36	24	Smáraskóli	4	4
Hagaskóli	28	16	Sunnulækjarskóli	4	2
Árbæjarskóli	22	15	Sæmundarskóli	4	2
Grunnsk. Seltjarnarness	22	13	Ölduselsskóli	4	3
Hörðuvallaskóli	18	13	Hólabrekkuskóli	3	1
Lindaskóli	17	10	Kársnesskóli	3	2
Foldaskóli	14	13	Tjarnarskóli	3	3
Lágafellsskóli	14	10	Breiðholtsskóli	2	2
Áslandsskóli	12	7	Grundaskóli	2	0
Erlendis frá	12	8	Grunnskóli Hornafjarðar	2	1
Kelduskóli - Vík	11	11	Heiðarskóli – Reykjanesbæ	2	0
Snælandsskóli	11	11	Hvaleyrarskóli	2	0
Víðistaðaskóli	11	7	Kópavogsskóli	2	1

Hlíðaskóli	10	9	Myllubakkaskóli	2	1
Vættaskóli - Engi	10	6	Akurskóli	1	0
Langholtsskóli	9	7	Austurbæjarskóli	1	1
Rimaskóli	9	8	Árskóli	1	1
Seljaskóli	9	9	Barnask. Eyrarb./Stokksey	1	1
Varmárskóli	9	5	Dalskóli	1	1
Vatnsendaskóli	9	5	Framsýn menntun ehf.	1	0
Vogaskóli	9	5	Gerðaskóli	1	1
Álftanesskóli	8	6	Grunnskóli Grindavíkur	1	1
Salaskóli	8	4	Grunnskóli Snæfellsbæ	1	1
Setbergsskóli	8	5	Grunnskóli Vestmannaeyja	1	1
Álfhólsskóli	7	4	Grunnsk. á Drangnesi	1	1
Háteigsskóli	7	3	Grunnskólinn á Ísafirði	1	0
Hraunvallaskóli	6	2	Grunnsk. í Borgarnesi	1	1
Laugalækjarskóli	6	3	Grunnsk í Breiðdalshr.	1	0
Háaleitissk - Álftamýri	5	1	Grunnsk. í Hveragerði	1	0
Norðlingaskóli	5	5	Landakotsskóli	1	0
Öldutúnsskóli	5	5	Njarðvíkurskóli	1	0
Holtaskóli	4	2	Suðurhlíðarskóli	1	1
Ingunnarskóli	4	3	Vallaskóli	1	0

Þegar ákveðið var að stytta framhaldsskólann um eitt ár var strax ljóst að nemendum í framhaldsskólum myndi fækka á landsvísu. Verzlunarskólinn hefur ekki farið varhluta af því. Fyrirsjáanleg er enn frekari fækkun. Fjöldi ársnemenda skólans hefur verið umfram heimildir undanfarin ár og helgast það af því að frá því árið 2015 voru bæði nemendur í þriggja ára námi og í fjögurra ára námi. Hver nemandi í þriggja ára námi tekur umfram einingar miðað við ársnemanda sem nemur 15% eða 9 einingum. Eftir brautskráningu vorið 2018 fækkaði nemendum verulega tímabundið, en þeim mun vonandi fjölga á ný á komandi árum.

## Fjarnám

Eins og undanfarin ár hefur skólinn boðið upp á fjarnám á þremur önnum, þ.e. vor, sumar og haust. Í töflunni hér að neðan eru tölulegar upplýsingar um fjarnemendur ársins 2018.

	vor	sumar	haust	samtals
Fjöldi nemenda	544	472	384	1400
Fjöldi eininga pr. nemanda (gamlar)	5,1	5,1	4,7	5,0
Mæting í próf	73%	75%	71%	73,2%
Fjöldi ársnemenda	57,6	52,0	37,1	146,6

Fjarnámsnemendur eru mun fjölbreyttari hópur en dagskólanemendur. Það má í raun skipta fjarnámsnemendum í þrjá flokka:


- dagskólanemendur Verzlunarskólans sem taka áfanga í fjarnámi sem val, þurfa að endurtaka áfanga vegna falls, bæta við sig áföngum vegna brauta- eða bekkjaskipta, eða fyrirhugaðs framhaldsnáms
- nemendur annarra skóla (grunn-, framhalds- og háskóla)
- nemendur sem eru ekki í öðrum skóla en taka einn og einn áfanga til að komast á ákveðnar brautir í háskóla og enn aðrir stefna á stúdents- og/eða verslunarpróf. Það má þó vel vera að stór hluti þessa hóps sé í skóla þó svo þeir gefi það ekki upp.

Í töflunni hér að neðan kemur fram skipting milli hópa.

<b>Fjarnemendur árið 2018</b>	<b>1344</b>	<b>%</b>
<b>Háskólanemendur</b>	1	0,1
<b>Grunnskólanemendur</b>	87	6,5
<b>Nemendur sem ekki hafa gefið upplýsingar um skóla</b>	399	29,7
<b>Nemendur annarra framhaldsskóla</b>	604	44,9
<b>Nemendur VÍ</b>	253	18,8

Fjarnemendur geta stundað námið hvar sem er í heiminum svo fremi sem þeir eru í netsambandi. Fjarnámspróf eru haldin í lok hverrar annar, það er í maí, ágúst og desember. Flest prófin eru tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en um þriðjungur prófa er tekinn annars staðar. Kortin sem hér birtast eru gerð úr gögnum frá því á haustönn 2005 og fram til sumarannar 2016. Alls 11 annir. Á næstu síðu eru prófstaðirnir á Íslandi sýndir og einnig prófstaðir annars staðar í heiminum. Nemendur geta tekið próf nánast hvar sem er að því gefnu að ábyrgðaraðili finnist, t.d. sendiráð Íslands, ræðismaður, einhver skóli eða annar traustur aðili. Nánari upplýsingar um staðsetningu er að finna á slóðinni:

<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/prof-og-profstadir/>.



## Nemendabjónusta Verzlunarskólans

Í nemendabjónustunni starfa þrjú náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum og eru þeir hagsmunaaðilar nemenda og talsmenn þeirra innan skólans. Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngunum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara/sérkennara sem heldur utan um erlenda nemendur er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.



Verzló á farsælt samstarf við LKMS (Litla Kvíðameðferðarstöðin) og hafa sálfræðingar á þeirra vegum komið inn í lífsleikni á fyrsta ári og rætt um frammistöðukvíða. Einnig hafa þeir verið með fræðslu fyrir kennara, foreldra og aðra nemendur skólans með góðum árangri. Skólinn hefur keypt af LKMS sálfræðitíma sem námsráðgjafar skólans geta boðið nemendum

uppá þegar alvarleg tilfelli koma upp. Viðmiðið er að nemandi fái einn tíma frían frá skólanum.

Forvarnir tilheyra starfi nemendabjónustunnar og hefur megináherslan verið sú að draga úr áfengisneyslu nemenda á dansleikjum og öðrum skemmtunum á vegum skólans. Nemendur á 1. ári blása í áfengismæli á dansleikjum og eldri nemendum stendur það einnig til boða. Nemendur, sem blása, fara í svokallaðan edrúpott sem dregið er úr eftir hvern dansleik og fjölgar sífellt þeim sem kjósa að blása. Notkun rafretta hefur aukist mjög meðal nemenda. Við því var brugðist með því að banna þær alfarið á sama hátt og tóbak.

Nemendabjónustan hefur markvisst unnið að því að styðja betur við þá nemendur sem ná ekki að tengjast inni í bekk. Veturinn 2018-2019 fékk nemendabjónustan styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að vinna enn betur með þennan hóp og var vinnuheiti verkefnisins „Einmana sálir, íhlutun gegn brotthvarfi“. Margvísleg verkefni voru sett af stað til að tengja fólk og má sem dæmi nefna ljósmyndaverkefnið „Saman“ þar sem Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari og móðir nemanda í skólanum kom og aðstoðaði. Verkefnið gekk út á að draga fram það sem sameinar okkur í húsinu og voru mismunandi hópar myndaðir, s.s. fjölburar, rauðhærðir, bókaormar og fleira.



Annað sem má nefna er að einu sinni í viku voru náms- og starfsráðgjafar með „Opið hús“ fyrir nemendur þar sem boðið var upp á heitt kakó og með því. Margir góðir gestir komu í heimsókn í þeim tilgangi að hitta nemendur, bæði kennarar og starfsfólk, keypt voru púsl og spil og tvisvar komu hundar í heimsókn sem þótti afar vel heppnað.



Bjartur Guðmundsson hjá Optimized.is setti svip sinn á skólabraginn en hann kom með kröftugt innlegg á alþjóðlega deginum gegn einelti, 8. nóvember. Framhald verður á því góða samstarfi.

## Stefnumótun - umbótastarf

Innleiðing stefnumótunar hélt áfram á árinu 2018. Unnið var samkvæmt þeim stefnumótandi áherslum sem skólinn setti sér til ársins 2022.

Unnið var í smærri hópum og verkefni og verkferlar innleiddir í samræmi við gátlista. Áhersluatriði ársins sneru að kennsluháttum og skólaumhverfinu. Unnið var markvisst að því að kortleggja þá kennsluhætti sem notaðir eru í skólanum. Þá var einnig mikil



áhersla lögð

á vellíðan nemenda og starfsmanna.

Námskeið var haldið aftur fyrir kennara sem fjallaði um hvernig má efla samstarf innan bekkja skólans og hvernig á að taka á erfiðum málum sem upp koma þar. Þá var farið í samvinnuleiki með það að markmiði að fjölga verkfærum til handa kennurum til að nýta í kennslustofunni. Haldinn var

vinnufundur í maí 2018 þar sem allir starfsmenn tóku þátt og unnu saman í hópum. Hóparnir áttu að fara yfir niðurstöður stefnumótunar, meta innleiðingu síðasta árs og velja verkefni sem þeir vildu setja á oddinn fyrir komandi starfsár. Helstu niðurstöður voru þær að starfsmenn vildu að markvisst yrði aukin samvinna í skólanum, vellíðan væri ávallt höfð að leiðarljósi og að umgengni í skólanum yrði bætt. Farið var í ýmis umbótaverkefni á haustönn 2018 með það að markmiði að gera góðan vinnustað enn betri fyrir alla og voru þessir þættir ávallt undirliggjandi.



## Stefnumarkandi áherslur

2022:  
VERLÓ MENNTAR &  
EFLUR EINSTAKLINGA  
SEM SKAPA  
FRAMTÍÐINA

capacent

### 1) Framsæknir kennsluhættir og námsskipulag

Vi menntar einstaklinga með áherslu á gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun. Í náminu er lagt upp með þverfaglegt samstarf og hugsun með samspili viðskipta, vísinda og skapandi greina. Skólinn brýtur upp hefðbundin skólastarf með fljóttandi stundatöflu, framsæknum kennsluáferðum, sveigjanlegri notkun rýmis og tæknivæðingu.

### 2) Framúrskarandi aðhald og hvatning við nemendur

Vi tryggir eflingu sjálftrausts og sjálfsmats með því að halda utan um hvern einasta nemanda. Lögð er rík áhersla á vellíðan nemenda og að komið sé til móts við öllkar þarft þeirra á námsferlinum. Nemendur eru studdir við að taka ábyrgð á eigin námi og að styðja hvern annan markvisst.

### 3) Sterk tenging við atvinnulíf og háskóla

Vi er í forystu varðandi tengingu við atvinnulíf og háskóla á Íslandi og alþjóðlega sem veitir skólanum og nemendum forskot yfir aðra skóla. Vi starfar náið með erlendum fyrirmyndarfrámhaldsskólum að þróunarstarfi, nemendaskiptum, endurmenntun ofl.

### 4) Stjórnun, starfsánægja og árangursmælingar til fyrirmyndar

Vi er með hæft, framsækið og ánaegt starfsfólk. Lögð er áhersla á að skipulag, mannaútsmál og stjórnun sé til fyrirmyndar. Vi er í farabroddi í þverfaglegu samstarfi kennara, nemenda og atvinnulífs. Vi setur sér skýr og mælanleg markmið varðandi gæði náms, vellíðan nemenda og starfsfólks og árangur. Vi ber sig saman við fyrirmyndarfrámhaldsskóla erlendis.

### *Gæðastarf skólans árið 2018*

Í gæðateymi skólans hafa undanfarin ár starfað sjö til átta starfsmenn skólans úr ólíkum deildum. Verkefnastjóri gæðamála stýrir vinnu hópsins í samstarfi við stjórnendur skólans. Kennslukannanir þar sem nemendur meta áfanga sína fóru fram bæði á vor- og haustönn þetta árið. Vorið 2018 útskrifaðist síðasti árgangurinn í fjögurra ára námi og sá fyrsti í þriggja ára námi. Úttekt var gerð á þessum tveimur árgöngum þar sem borið var saman þekkingarviðmið nemendanna í íslensku og stærðfræði. Þá voru rýnivíðtöl framkvæmd bæði við nemendur og kennara. Nánar um þessa úttekt er hægt að lesa á heimasíðu skólans. Skólinn tók þátt í könnuninni „Ungt fólk“, rannsókn meðal framhalssskólanema á Íslandi 2018 sem unnið var af Rannsókn og greiningu. Sú rannsókn tekur á félagslegum þáttum í lífi ungs fólks og lífsstíl, svo sem neyslu tóbaks og vímuefna. Verzlunarskóli Íslands tók einnig þátt í rannsókninni „Borgarbörn“ sem framkvæmd var af Kristjönu Stellu Blöndal o.fl. vorið 2018. Þessi rannsókn fór fram meðal nemenda fæddum árið 1999 með búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Sams konar rannsókn meðal sömu nemenda var gerð þegar nemendurnir voru í 10. bekk, eða skólaárið 2014-2015.

### *Skólaráð*

Haustið 2018 var skipað í skólaráð en í því sitja tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar kennara og tveir stjórnendur sem boða til funda og stýra þeim. Hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólareglur, félagslíf nemenda, umgengni í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, stefnumótun skólans auk annarra mála sem vísað er til skólaráðs. Skólaráð fundar einu sinni í mánuði og eru fundargerðir ráðsins birtar á heimasíðu skólans. Í skólaráði haustið 2018 voru Pétur Már Sigurðsson og Máni Þór Magnason sem fulltrúar nemenda. Alda Jóna Nóadóttir og Aðalheiður Ásgrímsdóttir sem fulltrúar kennara og Þorkell Diego og Guðrún Inga Sívertsen sem fulltrúar stjórnenda. Helstu verkefni skólaráðsins á haustönn 2018 var að undirbúa skólaþing, skoða mögulegar tilfæringar á stundatöflum skólans og breyta reglum um einingar fyrir skólasókn og félagsstörf svo eitthvað sé nefnt.

### **Ársreikningur 2018**

Rekstur skólans hefur verið frekar þungur undanfarin ár, eða allt frá árinu 2015 þegar fyrstu nemendur voru innritaðir í þriggja ára nám. Skólinn hefur verið með marga umfram ársnemendur sem ekki hafa fengist bættir. Staðan var mun betri árið 2018 og var rekstrarafkoma, fyrir fjármagnsliði, jákvæð upp á rúma 1 milljón samanborið við það að hún var neikvæð upp á rúmar 9 milljónir árið 2017. Launakostnaður var þó um 80% af heildar tekjum skólans og þess má einnig geta að launakostnaður var rúmlega 94% af framlagi ríkisins.

Rekstrartekjur (þús. kr.)	2018	2017	Breyting milli ára
<b>Fraglag ríkissjóðs</b>	1.418.236	1.350.029	5%
<b>Skólagjöld</b>	215.833	218.147	-1%
<b>Aðrar tekjur</b>	38.781	38.589	0%
	1.672.850	1.606.764	4%
<b>Rekstrargjöld (þús. kr.)</b>			
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	1.337.723	1.306.404	2%
<b>Húsnæðiskostnaður</b>	246.172	227.891	8%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	63.712	58.476	9%
<b>Afskriftir</b>	24.135	23.021	5%
	1.671.742	1.615.793	3%
<b>Rekstrarafkoma (fyrir fjármagnsliði)</b>	<b>1.108</b>	<b>-9.030</b>	112%

## Alþjóðasamstarf 2018

Öflugt starf fer fram í alþjóðadeildinni sem miðar að því að gera nemendum kleift að taka þátt í samvinnuverkefnum með skólum víðs vegar í Evrópu í gegnum alþjóðlegar menntaáætlanir svo sem Erasmus+, Nordplus junior og eTwinning. Slík verkefni eru mikilvæg í því alþjóðasamfélagi sem við lifum í í dag því þau auka menningarvitund nemenda, hjálpa þeim að skilja og virða ólík samfélög og efla borgaravitund þeirra. Við þetta starf bætast síðan verkefni sem ekki njóta styrkja en það eru aðallega nemendaskiptaverkefni milli nemenda og kennara í spænsku og frönsku við skóla á málsvæðum tungumálanna ásamt nemendaskiptaverkefnum við Bandaríkin. Að lokum má nefna nýtilkomið alþjóðaverkefni sem tengist lokaverkefni nemenda á alþjóðabraut. Nemendur á þriðja ári fara til Brussel ásamt kennurum og heimsækja þar meðal annars höfuðstöðvar Evrópusambandsins og NATO. Þeir vinna síðan lokaverkefni sem tengist ferðinni. Verkefnið er bæði skriflegt og munnlegt.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur á alþjóðabraut hafi tækifæri til að taka þátt í skólaverkefnum en auk þess er það keppikefli skólans að sem flestir nemendur á öðrum brautum sem þess óska geti tekið þátt í samskiptaverkefnum með skólum erlendis. Á undanförunum árum hafa möguleikar þessara nemenda sífellt verið að aukast.

Á árinu 2018 var sem endranær tekið þátt í fjölmörgum verkefnum. Farnar voru ferðir eða tekið á mótum gestum í tengslum við þau, með virkri þátttöku nemenda og kennara. Ferðir og heimsóknir standa yfirleitt yfir í viku og í langflestum tilvikum gista nemendurnir á heimilum í gestgjafalandinu og hýsa gesti þegar fundir eru haldnir í Verzló.

Ætla má að tæplega 200 nemendur og um 20 starfsmenn Verzlunarskóla Íslands hafi tekið þátt í þeim verkefnum sem hér um ræðir (sjá Viðauka 1).

Verkefnastjóri alþjóðadeildar er Bertha Sigurðardóttir.



## Lokaorð

Skólastarfið á árinu 2018 gekk almennt vel í samanburði við undangengin ár. Vel gekk að kynna námsframboð skólans fyrir 10. bekkjum og aðsókn að skólanum var góð eins og fyrri ár. Reksturinn gekk betur en undanfarin ár og gott jafnvægi er að nást milli fjölda nemenda í skólanum og heimilda fyrir ársnemendum. Meðal starfsmanna og nemenda ríkti góður og jákvæður andi. Lögð var áhersla á gott samstarf við nemendafélag skólans enda vinnur öflugt og heilbriggt félagslíf nemenda með orðspori skólans og laðar nemendur enn frekar að honum. Jákvæðni og mikill drifkraftur í nemendasamfélaginu var sérstaklega eftirtektarverður í ljósi þess að nú voru nemendurnir sem voru í forsvari fyrir félagslífinu ári yngri. Vissulega eru það mikil viðbrigði þegar heilan árgang vantar í skólasamfélagið en reynslan af árinu 2018-2019 gefur fullt tilefni til bjartsýni og að skólinn muni uppfylla allar væntingar um að vera framsækinn og leiðandi til framtíðar.

## Viðauki I

Verkefni eftir mánuðum – hver fundur varir í viku.

### Janúar

Fyrsti fundur ársins var í Dronninglund í Danmörku í byrjun janúar. Um er að ræða Erasmus+ verkefni sem ber heitið „Europeans on the Move“. Átján nemendur á alþjóðabraut á 2. ári taka þátt í verkefninu sem er unnið með Danmörku, Slóveníu, Þýskalandi og Spáni.

Í lok janúar fóru 24 nemendur til Spánar ásamt tveimur kennurum. Verkefnið er tveggja ára Erasmus+ verkefni með Spáni og ber nafnið SMART. Þetta er eTwinning verkefni.

### Febrúar

Fundur í tveggja ára Erasmus+ verkefninu „Welcome to My City“ var haldinn í Tyrklandi. Um er að ræða samstarfsverkefni sex landa. Það eru auk Íslands, Finnland, Portúgal, Þýskaland, Slóvenía og Tyrkland. Fjórtán nemendur á alþjóðabraut taka þátt í verkefninu.

„Redo för Arbetslivet“ er verkefni þriggja landa, Finnlands, Svíþjóðar og Íslands. Það er styrkt af Nordplus junior. Við tókum á móti gestum en 8 nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut skólans taka þátt í verkefninu ásamt tveimur kennurum.

### Mars

Ferð 25 nemenda á þriðja ári á alþjóðabraut, ásamt kennurum, til Brussel er liður í lokaverkefni nemendanna.

Hin árlegu nemendaskiptaverkefni milli Verzló og St George's Highschool, Newport, Rhode Island fóru fram í Reykjavík. Tólf nemendur á öðru ári á náttúrufræðibraut ásamt kennurum tóku þátt. Nemendur greiða sjálfir ferðakostnað en fá fría gistingu á heimavist skólans.

Í þessum mánuði fóru einnig 15 nemendur af viðskipta- og hagfræðibraut, ásamt tveimur kennurum, á fund til Svíþjóðar í Nordplus junior samstarfsverkefni með Noregi og Svíþjóð.

Tveir kennarar frá menntaskóla í Berlín dvöldu í Verzló í viku og fylgdust með og tóku þátt í kennslu. Kennararnir tveir voru hér á „Jobshadowing“ Erasmus+ styrk.

### Apríl

Í byrjun mánaðarins komu hingað 24 nemendur frá Spáni ásamt kennurum. Fundurinn var liður í Erasmus+ verkefninu „SMART“ sem er eTwinning verkefni.

Tveir af kennurum skólans fóru með nemendur af alþjóðabraut til Portúgals á fund í Erasmus+ verkefninu „Welcome to My City“ sem er tveggja ára verkefni. Fjórtán nemendur á alþjóðabraut taka þátt í verkefninu.

Í Finnlandi fór fram fundur í Nordplus verkefninu „Redo för Arbetslivet“. Tveir kennar ásamt 6 nemendum á viðskipta- og hagfræðibraut á öðru ári tóku þátt.

## September

Fundur í Reykjavík í „Nordatlantisk gymnasieklasse“ verkefninu. Fundinn sóttu skólastjórar og aðrir starfsmenn, frá Grænlandi, Danmörku og Færeyjum.

Átján nemendur í frönskuvali, ásamt kennurum, sóttu Frakkland heim. Þetta er nemendaskiptaverkefni þar sem nemendur greiða sjálfir ferðakostnað.

Heimsókn tuttugu og þriggja danskra nemenda á líffræðisviði í Rysensteen menntaskólanum í Danmörku með tveimur kennurum. Verkefnið er Nordplus junior verkefni og viðfangsefnið „Nordens bidrag til en renere og sundere verden“. Tuttugu og sex nemendur á náttúrufræðibraut eru í verkefninu ásamt tveimur kennurum.

Fundur fór fram á Spáni í Erasmus+ „SMART“ verkefninu. Tuttugu og fjórir nemendur í spænskuvali tóku þátt ásamt kennurum sínum. Þetta er eTwinning verkefni.

Nemendaskiptaverkefni við menntaskóla í Frakklandi. Átján nemendur í frönskuvali, ásamt kennurum, tóku á móti frönskum nemendum og kennurum sem dvöldu hér í viku.

## Október

Tuttugu og sex nemendur 3. ári á náttúrufræðibraut fóru til Kaupmannahafnar ásamt kennurum. Fundurinn var liður í Nordplus junior verkefninu „Nordens bidrag til en renere og sundere verden“ verkefninu með Rysensteen menntaskólanum.

Tólf nemendur á 2. ári á náttúrufræðibraut ásamt kennara og námsráðgjafa fóru í nemendaskiptaheimsókn til St. George's highschool í Newport, USA. Verkefnið er ekki styrkt og greiða nemendur sjálfir fyrir farmiðann en fá fría gistingu og frítt fæði í skólanum sem er heimavistarskóli.

## Nóvember

Fundur var haldinn í Nordplus junior „Tilsammans“ verkefninu í Verzló. Fundinn sóttu átta nemendur á öðru ári á viðskipta- hagfræðibraut í tveimur skólum í Finnlandi og einum í Svíþjóð, ásamt kennurum. Átta nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut í Verzló ásamt tveimur kennurum taka þátt í verkefninu.

Erasmus+ fundur í verkefninu „Migration in Europe“ var haldinn í Þýskalandi. Tuttugu nemendur á 3. ári á alþjóðabraut, ásamt kennurum, taka þátt í verkefninu sem er samstarfsverkefni fimm landa.